

Mál nr. 94/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar (X)

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 5. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 4. apríl 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að um klukkan 17:10 hinn 12. janúar 2025 hafi M ekið bifreið sinni í holu sem staðsett var á Reykjavíkurvegi í átt að Garðabæ. Vegna tjónsins hefur M gert kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V, sem hafnað hefur bótaskyldu á þeim grundvelli að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar og ólögmætrar háttsemi X eða annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

M telur að betur hafi átt að fylgjast með umræddri holu, sérstaklega í ljósi veðurfars þann dag, sem og gæða viðgerðarefnis, með tilliti til þeirrar bleytu sem þá var í holunni. Hann telur að setja hefði átt upp varúðarmerkingar við holuna, einkum þar sem viðgerðarefnið standist ekki almennar kröfur við slíkar aðstæður, sbr. fyrirbyggjandi tölvupóst frá fyrrum gæðastjóra malbikunarfyrirtækis.

Í svarbréfi V til nefndarinnar kemur fram að X hafi fengið tilkynningu um holuna klukkan 8:15 sama morgun og strax hafi verið brugðist við með því að fylla í hana. Þá hafi X fengið nýja tilkynningu um holu á sama stað klukkan 22:40 sama dag, og í kjölfarið hafi verið fyllt aftur í hana. V hafnar því að sú viðgerð sem framkvæmd var eftir fyrstu tilkynningu hafi verið ófullnægjandi. Fyllt hafi verið í holuna með viðgerðarefni sem almennt hafi reynst vel. Í þeim veðuraðstæðum sem voru þann dag, þ.e. miklum umhleyppingum, geti viðgerðarefni skolast upp úr holum með tímanum, og þurfi þá að fylla aftur í. Fram kemur að X hafi ekki fengið vitneskju um að hola hefði myndast aftur áður en M lenti í tjóninu. Starfsmenn X hafi því ekki haft tækifæri til að bregðast við og ráðast í viðgerð á holunni áður en slysið varð. Þá hafnar V því að mikil úrkoma hafi verið þann dag og vísar til veðuryfirlits sem sýni að úrkomumagn í Reykjavík hafi aðeins verið 2,5 mm þann dag. Ekki hafi því verið fyllt í holuna í mikilli bleytu. V telur því ósannað að tjónið megi rekja til gáleysis X og að um óhappatilvik hafi verið að ræða.

Álit.

Samkvæmt 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari ábyrgð á því að vegi, sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar, sé haldið við með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um veginn fer. Þá skal veghaldari, svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá segir í 56. gr. laganna að veghaldari vegar sem opinn er almenningi til frjálstrar umferðar beri ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Við mat á bótaskyldu samkvæmt þessari bótareglu ber sá sem krefst bóta sönnunarbyrði um að tjón megi rekja til gáleysis veghaldara. Í því felst að leggja þarf fram gögn sem sýna fram á að viðhald eða merkingar vegar hafi verið ábótavant.

Í þessu tilviki liggja ekki fyrir upplýsingar sem benda til þess að starfsmenn X hafi vitað af holunni án þess að bregðast þegar í stað við. Þá liggja ekki heldur fyrir gögn sem sýna fram á að viðgerð sú sem framkvæmd var að morgni sama dags hafi verið svo ófullnægjandi að starfsmenn X hafi mátt gera sér grein fyrir að viðgerðarefnið myndi ekki endast fram á kvöld. Hefur tölvupóstur frá fyrrum gæðastjóra malbikunarfyrirtækis ekki hér gildi enda verður af tölvupóstinum ráðið að sá aðili hafi ekki haft upplýsingar um hvaða viðgerðarefni X notaði umrætt sinn. Er því ósannað að viðgerðarefnið standist ekki almennar gæðakröfur. Með vísan til framangreinds verður talið að M verði að bera hallann af sönnunarskorti um ófullnægjandi viðhald eða merkingu veghaldara. Þannig verður ekki fallist á kröfu M um greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 27. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir